

# Stjórnarfundur í Geðhjálp 10.08.17

**Mættir:** Hrannar, Anna Gunnhildur, Einar, Garðar Sölvi, Kári, Sveinn Rúnar, Halldóra og Bergþór.

- 1. Yfirferð fundargerðar, undirskriftir (HP).**  
Fundargerð samþykkt án athugasemda.
- 2. Undirbúningur fyrir barnageðheilbrigðisráðstefnu 17. október (AGÓ).**  
Undirbúningur fyrir heilsdags ráðstefnu gengur vel. Samþykkt að félagsmenn fái frían aðgang eins og verið hefur inn á aðrar ráðstefnur Geðhjálp.
- 3. Námskeið um Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks í Írlandi. Fiona Morrissey í tengslum við Advance Directives (AD) og fleiri hugmyndir (BB, AGÓ).**  
Rætt um að halda málþing með þátttöku Morrissey um AD í byrjun næsta árs. Framkvæmdastjóra falið að kanna hvaða leiðir séu árangursríkastar til að vinna að framgangi AD innan stjórnkerfisins.
- 4. Ráðning í hálf starf (HJ).**  
Samþykkt að auglýsa sem fyrst eftir kynningar- og viðburðarstjóra.
- 5. Ritstjórn Geðhjálpblaðsins (HJ).**  
Samþykkt að Hrannar, Anna Gunnhildur, Einar og Bergþór sitji í nefndinni.
- 6. Morgunverðarfundur um geðheilbrigði á vinnustað með Virk (HJ, AGÓ).**  
Haldinn verður morgunverðarfundur um þema Alþjóða geðheilbrigðisdagsins um geðheilbrigði á vinnustað með Virk á Grand Hótel að morgni 10. október. AGÓ óskar eftir ábendingum frá nefndarmönnum um notanda til að tala á fundinum.
- 7. Hugarafl (HJ).**  
Áhersla var lögð á mikilvægi fjölbreyttra úrræða. Jafnframt geti fækkun úrræða leitt til aukins kostnaðar í kerfinu. Fylgst verður með framvindu mála.
- 8. Bataskólinn (HP).**  
Fjallað var um svar framkvæmdastjórnar Bataskólans (BÍ) við erindi samráðsvettvangs geðúrræða á höfuðborgarsvæðinu í tengslum við setu fulltrúa menntasviðs í aðalstjórn, framkvæmdastjórn og gæðanefnd BÍ. HJ lagði áherslu á aðhald samráðsvettvangsins og annarra samstarfsaðila að rekstri skólans.
- 9. Söfnun Miðlunar í heita hópa, t.a.m. með facebookleik eða möguleika á upplýsingum (HJ).**  
Samþykkt að hvíla félagaoöflun Miðlunar og leggja þess í stað áherslu á að afla félaga úr hópi fólks með geðraskanir. Jafnframt verði efnt til hugmyndasturtu um málið á næsta stefnumótunarfundi.

**10. Framtíð Mannréttindaskrifstofu Íslands (HJ).**

Aðildarríkjum Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er skylt að koma á fót sjálfstæðri mannréttindastofnun í löndunum. Íslensk stjórnvöld virðast ekki ætla að nýta sér Mannréttindaskrifstofu Íslands í þeim tilgangi. Rætt var um ótrygga stöðu skrifstofunnar og framlag hennar til að tryggja grunn að fagmennsku slíkrar stofnunar.

**11. Íbúafundur í Hátúni – stjórnskipulag ÖBÍ og Brynju (HJ).**

Rætt var um hvort eðilegt væri að fulltrúar í stjórn ÖBÍ væru á sama tíma fulltrúar í stjórn Húsfélagsins Brynju, þ.e. annars vegar í hagsmunagæslu fyrir íbúana og hins vegar fulltrúar leigusala. Fulltrúum stjórnar Geðhjálp var falið að koma ofangreindu á framfæri á aðalfundi ÖBÍ.

Í framhaldi af umræðu um líðan íbúa í Hátúni lagði Garðar Sölvi áherslu á þörf á aðstoð við fólk í sjálfsvígshættu og aðstandendur þeirra.

**12. Skýrsla Sameinuðu þjóðanna um geðheilbrigðisþjónustu í nútíð og framtíð:**

<https://documents-dds-ny.un.org/doc/UNDOC/GEN/G17/076/04/PDF/G1707604.pdf?OpenElement> (HJ).

Framkvæmdastjóra var falið að kanna hvort til stæði að þýða skýrsluna og ef ekki að sjá til þess að hún yrði þýdd til að hægt yrði að nýta innihald hennar í baráttu Geðhjálp, m.a. í tengslum við 10. október.

**13. Stefnumótunarfundur í haust (HJ).**

Samþykkt var að efna til stefnumótunarfundar stjórnar og starfsmanna þann 23. september. Framkvæmdastjóra var falið að panta húsnæði.

**14. Önnur mál.**

- SRH stakk upp á því að gerð yrði aðgerðaráætlun í réttindabaráttu félagsins. Samþykkt var að taka málið fyrir á stefnumótunarfundi.
- HJ sagði frá því að hann væri á leiðinni á tvær ráðstefnur í Bandaríkjunum.
- AGÓ sagði frá því að hún hefði tekið að sér að flytja erindi á stefnumótunarfundi LSH þann 15. september. Hún mun óska eftir innleggi frá stjórninni í gegnum tölvupóst.

**Fundinum lauk um kl. 19.59.**